

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkрана húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 18 758
er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

5. gr.

D. Önnur gjöld:

D.1. Lokunargjald kr. 1 185
D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur) kr. 690

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 1. febrúar 1990, 164,9 stig og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, til að öðlast gildi 1. nóvember 1990.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 38, 23. janúar 1990 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 25. október 1990.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 414 22. nóvember 1976 um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. eru fjáreigendur á Vestfjörðum vestan Kollafjarðarlínu, að undanskildum Reykjarfjarðarhreppi, undanþegnir skyldu til bólusetningar ásetningslamba haustið 1990 til varnar gegn garnaveiki.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 23/1956 um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjárjúkdóma og útrýmingu þeirra, sbr. breytingu með lögum nr. 12/1967 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. október 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.